

**Nr. 037 / 12 Nafni SH 151*****Fær í skráfuna og dreginn í land***

Skipaskr.nr. 1606  
Smíðaður: Kópavogi 1982 plast  
Stærð: 4,59 brl. 4,78 bt.  
Mesta lengd: 7,80 m Skráð lengd: 7,59 m  
Breidd: 2,68 m Dýpt: 1,17  
Vél: Bukh 35 kW, 1982  
Fjöldi skipverja: 1

**Gögn:**  
Gögn RNS



Nafni©Ófeigur Lýðsson

Málið afgreitt á fundi 25. maí 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni, Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 2. maí 2012 var Nafni SH 151 á siglingu á Breiðafirði. Veður: Logn

Þegar báturinn var staddur skammt norður af Búlandshöfða stöðvaðist vélin og í ljós kom að landfestartóg hafði runnið fyrir borð og lent í skráfunni. Ekki tókst að losa tógið og óskaði skipverjinn eftir aðstoð. Björgunarbátur frá Grundarfirði dró Nafna SH til hafnar og engar skemmdir urðu.

**Við rannsókn kom fram:**

- að fram kom að um athugunarleysi var að ræða.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.